

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar vegna breyttrar landnotkunar á Hauganesi.

Skipulagsstofnun staðfesti 7. nóvember 2022 breytingu á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 sem samþykkt var í byggðarráði 6. júlí 2022.

Í breytingunni felst breytt afmörkun þeirrar landnotkunar sem fyrir er á Hauganesi, m.a. til stuðnings atvinnulífi en breytingin tekur til hafnarsvæðis 751-H, nýs afþreyingar- og ferðamannasvæðis 753-AF, íbúðarbyggðar 752-ÍB og 755-ÍB og opins svæðis 754-O. Þéttbýlismörkum Hauganess er breytt til samræmis.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 7. nóvember 2022.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 7. nóvember 2022